



**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**  
Iceland University of the Arts

**Bergmál**

**Bergmál**

**Bergmál**

Bergmál

Róbert Risto Hlynsson Cedergren

**BA verkefni í myndilst – ritgerð**  
**Leiðbeinandi: Ólafur Sveinn Gíslason**  
**Listaháskóli Íslands**  
**Myndlistardeild**  
**Vorönn 2021**



Bergmál

**Bergmál**

**Bergmál**

**Bergmál**

Róbert Risto Hlynsson Cedergren

Lokaritgerð til BA-prófs í Myndlistarbraut

Leiðbeinandi: Ólafur Sveinn Gíslason

Listaháskóli Íslands

Myndlistardeild

Janúar 2021

Ritgerð þessi er 4 eininga lokaritgerð til BA-prófs í Myndlist. Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

## Úrdráttur

Í þessari ritgerð geri ég tilraun til að setja eigin listsköpun í listrænt jafnt sem samfélagslegt samhengi. Í leiðinni mun ég að varpa á ljósi á hvað það er sem tengir verkin saman og hvernig þau virka sem heild. Ég mun bera eigin listsköpun saman við verk annarra listamanna sem hafa fjallað um svipað efni og mun þar að auki fjalla um menningarlega þætti sem hafa haft áhrif á eigin listsköpun, svo sem ljóð, kvikmyndir, samfélagslegar kröfur og heimsfaraldur. Til að undirstrika hugmyndafræðina sem liggur að baki verka minna styðst ég við skrif ýmissa fræðimanna sem kunna að veita frekari innsýn í ferlið. Ég hef valið fjögur verk sem ég mun fjalla um á ítarlegan jafnt sem persónulegan hátt, með það að markmiði að koma grunnþáttum verkanna til skila. Verkin sem ég mun taka fyrir eru *Videoleiga* (2017), *Agi – þetta eru verðlaun fyrir að gera eitthvað sem þér langar kannski ekki að gera* (2017), *Eitt gult í einum grænum í einum rauðum* (2020) og *Lífið* (2020). Öll eru þessi verk ólík, en þau fara allt frá því að vera fundnir hlutir yfir í gjörninga- og þátttökuverk. Líta má á þessa ritgerð sem persónulega rannsókn til að komast til botns í eigin listsköpun og listsköpunarferli. Ég spyr sjálfan mig spurninga er varða tilgang verkanna, hvers vegna ég gerði þau, hvernig áhrif þau höfðu á eigin þroska og hvort þau séu listaverk yfir höfuð. Ég tel þessar spurningar nauðsynlegar, því þær veita nýja sýn á verkin og geta ef til vill opnað á nýjar leiðir fyrir mig til að túlka og sjá heiminn – enda er það mitt hinsta markmið.

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur .....</b>	<b>3</b>
<b>1. Kerfisbundinn .....</b>	<b>4</b>
<b>2. Ferðalag .....</b>	<b>7</b>
<b>3. Óður .....</b>	<b>10</b>
<b>Niðurlag .....</b>	<b>12</b>
<b>Heimildaskrá .....</b>	<b>14</b>
<b>Viðauki .....</b>	<b>16</b>

Lífið er eins og sumar  
Of bjart til að sofna

Lífið er eins og haust  
Þegar litirnir dofna

Lífið er eins og vetur  
Svo hart og svo kalt

Lífið er eins og vor  
Þá mýkist allt<sup>1</sup>

---

<sup>1</sup> Steingerður Steindórsdóttir, „Lífið.“ *Ljóð.is*, sótt 12. janúar 2021 af [http://www.ljod.is/index.php/ljod/view\\_poem/31045](http://www.ljod.is/index.php/ljod/view_poem/31045)

## Inngangur

Ljóðið sem vísað er í hér að ofan heitir *Lífið* og er eftir Steingerði Steinsdóttur. Ég fann það á netinu þegar ég sló inn „lífið“ í leit á Google. Þar sem þetta er ljóð, er líklegt að Steingerður sé að fjalla um tilfinningar sínar. Fyrir mér er sögupersóna ljóðsins eins og klukka; tilfinningalíf hennar virðist umbreytast út frá árstíðunum; hún er föst í þessu eilífa ferli og veit að hún getur ekki breytt því sem koma skal. Að einhverri ástæðu tengdi ég mikið við þetta ljóð. Það má ganga svo langt að segja að fyrsta einkasýning mín, sem ég mun fjalla um hér að neðan, hafi verið óður til þessa ljóðs, enda bar hún sama heiti: *Lífið*.

En hvar liggja mörk lífs og listar? Listamaðurinn Charlotte Posenenske gerði eitt sinn listaverkaseríu sem bar heitið *Squaer tube series* (1967).<sup>2</sup> Sjálf sagði Posenenske „Það er sárt fyrir mig að horfast í augu við þá staðreynd að list getur ekki stuðlað að lausn brýnna félagslegra vandamála“.<sup>3</sup>

Það er vel hægt að tengja við sársaukann sem Posenenske virðist finna fyrir, það að geta ekki gert meira til að sporna við vandamálum heimsins. Öll erum við á einn hátt eða annan, föst í einhvers konar kerfi sem getur tæplega tæklað þau vandamál sem herja á mannkynið og heiminn. Myndlist reynir oft á tíðum að tækla ofangreind vandamál en getur lítið annað gert en að fjalla um þau. Hægt er að lýsa tilfinningunni sem ákveðnum „fastleika“.<sup>4</sup>

Ef orð Charlotte Posenenske varðandi verkið *Squaer tube series* eru borin saman við ljóð Steingerðar Steinsdóttur, er hægt að velta því fyrir sér hvort list geti spornað við vandamálum mannkynsins eða hvort það sé jafn erfitt og að sporna við árstíðunum. Myndi það breyta einhverju yfir höfuð ef reynt væri á það? Tæki einhver eftir því ef svo væri? Eða myndi það bara valda listamanninum frekari sálarangist ef væntingar til verksins eru ekki uppfylltar? Marcel Duchamp lét eitt sinn þau frægu orð falla „Það séu í rauninni engin lausn og þar að leiðandi enginn vandamál“.<sup>5</sup> Eflaust gætu margir listamenn ef til vill huggað sig við það.

---

<sup>2</sup> Sjá viðauka 1.

<sup>3</sup> „It is painful for me to face the fact that art cannot contribute to the solution of urgent social problems“ þýdd tilvitnun frá: Herbert Martin, *Tell Them I said no* (Berlin: Sternberg Press, 2016), bls. 42.

<sup>4</sup> Frumsamið orð.

<sup>5</sup> „There's no solution, because there's no problem“ þýdd tilvitnun frá: Thierry De Duve ritstýrði, *The Defenitively Unfinished Marchel Duchamp*, 2. útg. (Halifax: The MIT Press, 1992), bls. 42.



## Kerfisbundinn<sup>6</sup>

Það má segja að árið 2017 hafi verið ár þátttökuverka í mínu listræna ferli – og ekki að ástæðulausu. Ég hafði nýlega verið á vertíð yfir sumarið þar sem ég vann þrotlausa og einmanalega færibandavinnu til að afla pening. Mér fannst á því tímabili eins og ég hafi hætt að vera manneskja og orðið að vélmenni. Ég vann og svaf sitt á hvað. Eftir þessa reynslu fann ég að það var eitthvað innra með mér sem vildi springa út, þorsti til að tjá það sem ég hafði upplifað.

Eftir reynslu mína af vertíðinni hóf ég nýtt tímabil í lífi mínu og byrjaði í Listaháskóla Íslands. Aðstæðurnar voru ólíkar því sem ég hafði vanist yfir sumarið. Skyndilega var ég umkringdur fólki sem ég þurfti að kynnast og umgangast, nánast á hverjum degi. Ég fann fyrir feimni og mér fannst eins og fleiri væru ef til vill á sama bát. Af minni reynslu að dæma, er besta ráðið við feimni og til að kynnast nýju fólki að gefa því gjafir.

Í verkinu *Vídeóleiga*<sup>7</sup> breytti ég stúdíóinu mínu í eins konar vídeóleigu og fyllti það af 1000 vídeó spólum sem þöktu rúmlega fjóra fermetra. Markmiðið var að nota Vídeóleigu formið sem verkfæri til að skapa ný tengslanet. Í innsetningunni stóð til boða að setjast niður og horfa á kvikmynd með öðru fólki. Einnig stóð til boða að fá spólu að láni – skipti sem voru eingöngu byggð á trausti. Ég vildi gefa þátttakendum gjöf í formi samveru. Verkið var sprottið úr einveru minni í vertíðinni og var þar að auki einhvers konar óður til kvikmyndarinnar *Into the Wild*,<sup>8</sup> sem ég tengdi mikið við á þeim tíma. Í þeirri kvikmynd flýr ungur maður amstur borgarinnar og nútímasamfélags til að dvelja í náttúrunni. Í lok myndarinnar borðar maðurinn eitruð ber í gáleysi. Þegar hann gerir sér grein fyrir því að hann sé dauðvona kemst hann jafnframt að þeirri niðurstöðu að hinsta form hamingju sé hamingja deild með öðrum.

Í kjarnann snerist verkið *Vídeóleiga* um að skapa hamingju með því að deila, gefa og treysta án nokkurs konar fjárhagslegrar áhyggju. Þar að auki snerist það um að búa til ákveðið kerfi innan þess kerfis sem við búum við: kerfi sem snýst ekki um peninga, einungis bíómyndir og vináttu.

Annað þátttökuverk sem ég vann að á sama ári ber heitið *Agi – þetta eru verðlaun fyrir að gera eitthvað sem þér langar kannski ekki að gera (e. Diciplin – a reward for doing something you may not want to do)*.<sup>9</sup> Verkið var sýnt á samsýningu og þar sem megin

<sup>6</sup> Orðaleikur: Að vera bundinn af kerfinu.

<sup>7</sup> Sjá viðauka 2.

<sup>8</sup> Sean Penn, *Into the Wild*. DVD (Bandaríkin: Paramount Vantage, 2007.)

<sup>9</sup> Sjá viðauka 3.

útgangspunkturinn var hugtakið „agi“. Með verkinu reyndi ég að átta mig á tilfinningunni sem spratt úr vertíðar reynslunni, þ.e. tilfinningunni sem fylgdi því að fá borgað fyrir vinnu sem lét mér líða illa. Það þurfti ákveðinn aga til að eyða tíma í vinnu sem veitti mér enga ánægju. Ég þurfti að telja mér trú um að ég væri að láta gott af mér leiða, þótt ég væri þarna raun og veru til þess að afla mér tekna. Markmiðið var að nota þetta tiltekna listaverk sem tól til að útfæra sjónræna útgáfu af tilfinningunni sem ég hafði upplifað, sem aðrir gætu upplifað á sinn hátt. Hugmyndin var að skapa nokkurs konar Örk þar sem hægt var að horfast í augu við þessa tilfinningu og jafnvel leysa hana úr læðingi.

Verkið samanstóð af fyrirbæri sem er alltumlykjandi eins og Guð.<sup>10</sup> Þetta tiltekna fyrirbæri er nánast óumflýjanleg og bindandi skylda í kerfinu sem við lifum eftir í nútímasamfélagi. Þú ert talinn hafa það gott ef þú átt nóg og oft er lífið erfitt þegar skortur er á. Að sjálfsgöðu eru þetta peningar, nánar tiltekið: einn 10.000 kr. seðill. Seðilinn hengdi ég í norður-glugga gömlu móttökunnar á Laugardalslauginni, svo hann yrði sýnilegur að innan sem utan, rammaður inn með teiknuðum kassa. Fyrir neðan seðilinn stóð: „Þetta eru verðlaun fyrir að gera eitthvað sem þig langar kannski ekki að gera“.

Verkinu var ekki komið fyrir í þessu tiltekna rými að ástæðulausu. Gamla móttaka Laugardalslaugar er í slæmu viðhaldi sem sést bæði á loftinu og á súlunum. Myglukennt slím lekur niður eftir veggjum, þótt lyktarlaust sé. Einstaka sinnum heyrir blásturshljóð, því rýmið er einungis notað sem hárblasturs- og speglarými, þar sem fólk blæs á sér hárið og horfir á sig í spegli eftir sund. Fyrir utan rýmið stendur pylsuvagninn, stofnun sem byggir tilveru sína á fyrirbærinu sem hangir í glugganum, með því að selja pylsur.

Með verkinu vildi ég fjalla um kerfisbundinn aga. Ég vildi vekja fólk til umhugsunar og fá það til að spyrja siðferðislegra spurninga við tiltekna ákvörðun. Einnig vildi ég með þessu varpa ljósi á hlutverk listaverksins. Þar sem sjónrænt viðfangsefni þess er viðskiptalegt, eða öllu heldur fyrirbærið sem er notað er til viðskipta, verður verkið óumflýjanlega viðskiptatengt. Þegar fólk hugsar um listaverk, hugsar það ósjaldan um afurð ákveðins ferlis sem ætluð er til sölu. Andy Warhol talaði um að hann hefði mikinn áhuga á viðskiptengdum verkum, þ.e. verkum sem gerð eru í þeim tilgangi að vera seld.<sup>11</sup> Afsteypuverk Magnúsar Pálssonar, *Angist fátæka reykingamannsins*,<sup>12</sup> er einnig viðskiptatengt, en varpar jafnframt ljósi á peningakvíða sem er ríkjandi innan samfélagsins. Verkið sýnir afsteypur nokkrar

---

<sup>10</sup> Adam Smith, *The Wealth of Nations* (State College: Pennsylvania State University, 2005), sótt 12. janúar 2021 af <https://www.rrojasdatabank.info/Wealth-Nations.pdf>, bls. 364.

<sup>11</sup> Martha Buskirk og Mignon Nixon ritstýrðu, *The Duchamp Effect*, 2. útg. (Massachusetts: MIT Press, 1999): bls. 37-45.

<sup>12</sup> Sjá viðauka 4.

afsteypur af sama sígarettupakkanum, sem teknar eru trekk í trekk á meðan sígarettupakkinn klárast og verður að engu. Sígarettur eru dæmi um framleiðsluvöru sem seðja á ákveðna löngun, en á sama tíma og neytandinn reykir þær er hann bókstaflega að brenna peninga. Titill verksins í samhengi við skúlptúrana gerir verkið að gagnstæðri heild og talar á sama tíma til áhorfenda sem verða umsvifalaust hluti að verkinu.

Ég vildi gera tilraun með verk sem talaði beint til áhorfenda. Í fyrstu áttaði ég mig ekki á því að verkið væri þátttökuverk, en vissulega var það svo. Það bauð upp á ákvörðun fyrir áhorfendur, ákvörðun sem flestir taka dagsdaglega án þess að átta sig á því. Á myndrænan og tilraunakenndan hátt spyr verkið þátttakendur hvað þeir séu reiðubúnir að leggja á sig fyrir peninga. Spurningin er einföld, en ákvörðunin sjálf er skrítn. Enda snýst ákvörðunin um það hvort áhorfandi sé fús til að binda enda á listaverk fyrir afurðina. Á sama tíma reynir verkið á tvíþættan sjálfsaga; annars vegar að streitast á móti því að taka peninginn, hins vegar að mana sig upp í að taka hann. Peningaseðillinn var á sínum stað í tvær vikur þar til einhver tók þá meðvituðu ákvörðun að taka hann. Í einu augnabliki varð verkið að gagnstæðri heild og uppfyllti örlög sín, með því að sýna fram á mannlegar hneigðir gagnvart bréfsnifsi sem hefur vald til að stjórna ákvarðanatöku fólks í daglegu lífi. Sumir virðast bíta á agnið þó það bitni á öðrum, en aðrir freistast ekki vegna sömu ástæðu. Þótt verkið sé þátttökuverk fjallar það um einstaklingsbundið kerfi. Sýnt hefur verið fram á að þegar velferðarkerfi er ríkjandi verða þátttökuverk tilkomumeiri, en þegar einstaklingsbundið kerfi er ríkjandi aðlagar listin sig að því kerfi og það verður meira tengd viðskiptum.<sup>13</sup>

---

<sup>13</sup> Claire Bishop, *Artificial Hells: Participatory Art and the Politics of Spectatorship* (London og New York: Verso, 2012), sótt 12. janúar 2021 af <https://selforganizedseminar.files.wordpress.com/2011/08/bishop-claire-artificial-hells-participatory-art-and-politics-spectatorship.pdf?fbclid=IwAR0JeOLrJ7hVTXNW9jDl3JBvOgpRzfV1WpNaAx5Ejt-oYOH9RzOwL0ic>. bls. 13-15.

## Ferðalag

„Lífið er ferðalag, ekki áfangastaður.“<sup>14</sup>

Að komast á leiðarenda virðist ekki vera meginstefna allra listaverka, heldur snúast verkin ósjaldan um ferðalagið sem liggur að baki. Lokaniðurstaða getur t.a.m. verið gripur eða ljósmynd sem býr yfir ákveðnum tíma og er minnisvarði um ferli sem hefur átt sér stað. Um leið og ferlinu líkur er verkið dautt. Það endurspeglar að mörgu leyti lífið sjálft, sem endar á dauða. Manneskja verður að líflausum líkama og ferli verður að afurð – þó er oft erfitt er að bera kennsl á hvað það er sem hefur dáíð eða endað.

Verkið *Eitt gult í einum grænum í einum rauðum* (2020)<sup>15</sup> var sett upp í Listaháskóla Íslands á samsýningu þriðja árs BA-nema í myndlist, sem bar heitið *Snögg*. Ég var staðráðinn í að gera verk út frá titli sýningarinnar, líkt og ég gerði með verkinu *Agi*. Titillinn á sýningunni var „snögg“ sem þýðir hratt. Í fyrstu vissi ég ekki hvað ég átti að gera þannig að ég ákvað að anda, slaka á og virða fyrir mér umhverfið. Það fyrsta sem ég sá þegar ég opnaði augun eftir nokkra djúpa andardrætti var „instant“ kaffilát sem stóð fyrir framan mig á vinnustofuborðinu mínu. Ég sneri mér við og tók eftir því að Krístrún, þáverandi bekkjarsystir mín, var að vinna fyrir aftan mig og mundi eftir því að hún hafði starfað sem þýðandi. Þegar ég spurði hana hvað "instant" þýddi sagði hún „í einum grænum“. Þá fór að velta því fyrir mér hvaðan orðatiltækið „í einum grænum“ kæmi og hvað það þýddi. Í kjölfarið fór ég út í sígarettu og tók eftir því að þar væri græn ruslatunna. Ég hugsaði með mér: „Tunnan er græn og ætlun hennar er að setja eitthvað ofan í hana. Ætli „í einum grænum“ sé ruslatunna, eða það sem er ofan í henni?“ Ég fór aftur inn í skólann. Þar sem árið 2020 var ár Covid faraldursins og Listaháskólanum var skipt niður í svæði, minnti innvols skólans mig á að ég væri á „rauða svæðinu“. Þá leið mér eins og skólinn væri að hvísla til mín: „grænt, rautt“. Þessi upplifun minnti mig á orð Péturs sem ég las í greninni að lifa í *Skálduðum raunveruleika*, hann sagði að það „að lesa hús er að kunna að skynja þá fortíð sem húsið býr yfir - hvert hús á sér sögu sem móttakandinn þarf þekkingu til að njóta.“<sup>16</sup> Á þessu

---

<sup>14</sup> „Life is a journey, not a destination” þýdd tilvitnun frá: Ralph Waldo Emerson.

<sup>15</sup> Sjá viðauka 5.

<sup>16</sup> Þórður Ingi Jónsson, „Að lifa í skálduðum veruleika.“ *Rúv*, 20. desember 2020, sótt 7. janúar 2021 af <https://www.ruv.is/frett/2020/12/20/ad-lifa-i-skaldudum-veruleika?term=lesa%20h%C3%BAs&rtype=news&slot=1>

augnabliki var ég í rauðu og rautt gat ekki verið í grænu því græni er í rauðum. Þá fannst mér skólinn segja við mig að ég mætti ekki fara á gula svæðið og þá hugsaði ég með mér: „væri ekki gott að taka þetta gula plakat þarna og setja það í einn grænan sem er í rauðum?“

Samsýningin *Snögg* var sýnd í hvítu, ferhyrdu rými. Ásamt mínu verki voru fjögur önnur verk í rýminu. Á suðurvegg rýmisins hékk listaverk eftir samnemanda og við hlið þess var verkið mitt: *Eitt gult í einum grænum í einu rauðum*. Ferlið eða sagan sem lá að baki verksins var það sem skipti mestu máli og var skrásett á sjónrænan hátt. Hugmyndin að verkinu og efniviðurinn sem notaður var áttu sér öll stað og stund innan veggja skólans. Verkið samanstóð af þremur hlutum; grænum plastpoka sem ég fann hjá gamla mötuneytinu; grárri grind sem fylgdi með og grænu loki. Saman mynduðu þessar einingar endurvinnslutunnuna fyrir plast í Listaháskólanum. Verkið var ruslatunna, sem hafði upphaflega verið í mötuneytinu. Hún var fest við vegginn með tveimur skrúfum. Til að festa hana þurfti fyrst að bora göt í grindina, svo var skrúfað í gegnum götin við vegginn þannig að ruslatunnan stóð lóðrétt. Plastpokinn var festur við vegginn með tvöföldu lími svo það sýndist sem þyngdaraflið væri að draga hann að veggnum í stað gólfsins, sem varð til þess að veggurinn leit út eins og gólfið. Ef skúlptúrinn hefði ekki verið settur upp á þennan hátt hefði hann þýtt eitthvað annað. Gildi tunnunnar hefði fylgt lögmálum mannskepnunnar og haldið áfram að vera hversdagslegur hlutur. Hefði ég ekki sett tunnuna upp á vegg eins og ég gerði, hefði hún eflaust farið óséd af gestum og gangandi – þótt hún hafi öðlast gildi fyrir mér. En með þessu móti varð hún að gildishlöðnum listhlut frekar en ruslatunnu.

Einn gestur sýningarinnar sagði það ringla hana að sjá hversdagslegan hlut fylgja öðrum lögmálum en hún var vön. Inni í ruslapokanum var plakat um „gult svæði“ sem er rými fyrir sviðslistadeild Listaháskóla Íslands sem myndlistar- og kennaradeildin deila húsnæði með. Verkið var staðsett þannig að áhorfendur þurftu að beygja þig til að sjá hvað stóð inni í græna pokanum sem var u.þ.b. meter af gólfinu.

Það sem mestu máli skipti í verkinu var ferlið sem lá að baki þess – leikur af atburðarás. Hægt væri að tengja það við „happening“ hugtakið sem Alan Kaprow skilgreindi á sínum tíma. Annars vegar talar Kaprow um að „happening“ dragi fólk með sér inn í verkið eða að áhorfendur verði óhjákvæmilega partur af því. Þar að auki eru þau gagnvirk – þannig að áhorfandi verður að þátttakanda.<sup>17</sup> Í verkinu mínu er ég hins vegar að draga bygginguna sjálfa inn í verkið. Aðstæðurnar sem verða til innan veggja skólans verða þannig partur af

---

<sup>17</sup> Kristie Beaven, „Performance Art: The Happening.“ *Tate*, sótt 12. janúar 2021 af <https://www.tate.org.uk/art/art-terms/h/happening/happening>

verkinu, en gestir og gangandi geta aðeins þjónað hlutverki áhorfandans í þessu samhengi. Verkið stendur eitt, og þarf enga þátttakendur. Það er mín tilraun til að reyna að átta mig á orðatiltækinu á sjónrænan hátt, þar sem nærumhverfi mitt spilar stórt hlutverk. Því er óhjákvæmilegt að verkið dragi að sér eiginleika samtímans og þar af leiðandi dregst bæði sóttvarnarsvæði og yfirvofandi heimsfaraldur inn í verkið.

Í mínum huga kallast *Eitt gult í einum grænum í einu rauðum* á við verkið *One and Three Chairs*<sup>18</sup> eftir Joseph Kosuth, en í því verki stillti hann upp stól, ljósmynd stólnum og orðabókarlýsingu á stól. Kosuth sagði að: „... gildi einstakra listamanna eftir tíma Duchamp megi meta eftir því hversu mikið þeir spyrja sig um eðli listarinnar.“<sup>19</sup> Ef til vill spyr verkið *Eitt gult í einum grænum í einu rauðum* hvaða náttúrulögmálum list gegnir. Eflaust minnir það einna helst á "Readymade" verk Marcel Duchamp. Hægt væri að segja að tunnan sé fallískur hlutur, líkt og verkin *Fountain*,<sup>20</sup> *Underwood*<sup>21</sup> og *Bottle Dryer*<sup>22</sup> eftir Duchamp. Þessi verk geta talist frekar kynferðisleg eða uggandi og vísa t.a.m. í það að pissa og hulin klæði.<sup>23</sup> Í viðtali við Duchamp viðurkennir hann að verkið *Objet-dard*<sup>24</sup> eigi að vera fallískur.<sup>25</sup> Í sama viðtali talar hann um mikilvægi erótíkurinnar – en samkvæmt honum þarf hún að vera dulin, því fólki finnst óþægilegt að tala opinskátt um þess háttar hluti.

---

<sup>18</sup> Sjá viðauka 6.

<sup>19</sup> Joseph Kosuth, „Art After Philosophy.“ *Ubu*, sótt 12. janúar 2021 af [https://www.ubu.com/papers/kosuth\\_philosophy.html](https://www.ubu.com/papers/kosuth_philosophy.html)

Tilvitnunin á frummáli: „... the value of partucial artist after Duchamp can be weighed according to how much they questioned the nature of art.“

<sup>20</sup> Sjá viðauka 7.

<sup>21</sup> Sjá viðauka 8.

<sup>22</sup> Sjá viðauka 9.

<sup>23</sup> De Duve, *The Defenitively Unfinished Marchel Duchamp*, bls. 19.

<sup>24</sup> Sjá viðauka 10.

<sup>25</sup> Pierre, *Dialogues with Marchel Duchamp*, bls. 88.

## Óður

*Lífið* (2020)<sup>26</sup> var fyrsta einkasýningin mín og fólst hún í því að fremja gjörning. Eins og *Eitt gult í einum grænum í einu rauðum* átti hann sér stað innan veggja skólans, nánar tiltekið í rýminu *Hulduland*. Ég vann verkið út frá tilfinningunni „fastleiki“ sem ég skilgreindi í inngangi þessarar ritgerðar. Sjálfur þjáðist ég af tilfinningu og fannst eins allir væru að þjóna sama samfélagslega kerfinu óháð hugmyndafræði hvers og eins.

Gjörningurinn *Lífið* sýnir manninn í sínu hreinasta formi. Maðurinn býr yfir ýmsum formum - en í þessu tilviki notaði ég sjálfan mig, þar sem það er einfaldara en að nota annað fólk. Auk þess snerist verkið um eigið tilfinningalíf og því notaði ég eigin líkama við að tjá það. Í verkinu gerist þetta: Áhorfendur sjá mig. Ég klæði mig úr fötunum einum meter frá anddyrinu og svo labba ég tvo metra áfram, þar af leiðandi verð ég rúmlega meter inn í sýningarsalnum. Þegar inn er komið festist ég í landbúnaðar flugna gildru. Ég streitist á móti og geng áfram einn meter, en er fastur. Fastur nakinn maður. Fyrir mér átti nektin að sýna berskjöldun því oftast er mannlíkaminn þakinn fötum. Mig langaði að vera hugrakkur eins og Steingerður Steindórsdóttir var í ljóði sínu og sýna dramatíkuna inni í mér.<sup>27</sup> Ég endurtók gjörninginn tvisvar og entist hann í rúmlega korter í hvert skipti. Límbandið sem ég notaði var gul 29 cm. breið landbúnaðar flugnagildra sem, 9 m. á lengd. Límgildran var fest í anddyrinu með málningarrúllu. Ástæðan fyrir staðsetningunni er að ég get ekki flogið eins og fluga. Í daglegu lífi er ég ekki mikið upp við vegg, en ég geng oft í gegnum anddyri, því var viðeigandi að festast þar. Ég sat fastur í gildrunni til mér leið eins og ég gæti losað mig. Munurinn á mér og dauðu flugunum á plakatinu, var sá að ég gat losað mig úr gildrunni og gekk í hana að vild. Það er hins vegar ómögulegt að segja hvort flugurnar hafi fest sig viljandi eða hvort þær hafi vilja til að losa sig yfir höfuð.

Á sama hátt og *Eitt gult í einum grænum í einu rauðum*, er einnig hægt að tengja þetta verk við hugmyndafræði Alan Kaprow: Atburðarásin sem á sér stað í verkinu er skrásett í dagbók til að sýni ferlismótun hugmyndarinnar og tilfinningarinnar sem ég vildi miðla.<sup>28</sup> Í hluta verksins set ég mig í fótspor flugna sem ég hef drepíð, flugna sem hafa fest sig í límbandi. Plakat sýningarinnar sýnir einni flugur sem eru fastar.<sup>29</sup> Þar sem heimsfaraldur hefur herjað á heiminn er vel hægt að ímynda sér að fólk upplifi sig meira fast en áður, því það má ekkert gera. Lífið virðist stundum vera eins og risastór flugnagildra, þar sem við erum

<sup>26</sup> Sjá viðauka 11.

<sup>27</sup> Steingerður Steindórsdóttir, „Lífið.“

<sup>28</sup> Beaven, „Performance Art: The Happening.“

<sup>29</sup> Sjá viðauka 12.

öll föst og flækt innan eigin takmarka og hindrana. Jafnvel líkaminn sjálfur getur stundum verið ákveðin hindrun. Þannig má segja að við séum föst í lífinu.

Eftir að ég heyrði orð Duchamps,<sup>30</sup> sem vitnað var í í inngangi þessarar ritgerðar, breyttist hugmynd mín um „límbandið“ og tók á sig aðra mynd. Nú var það frekar eins og að vera út í skógi og „fastleikinn“ farinn. Það er ekkert vandamál og það er engin lausn. Lífið er kaótískt og þú bara ert, rétt eins og listaverk sem á sér stað og endar.

Eftir á að hyggja tengdist þessi gjörningur öðrum gjörningi sem ég sá á Listasafni Akureyrar. Sá gjörningur bar heitið *Pöddur* (2002)<sup>31</sup> og var eftir Söru Richardsdóttur.<sup>32</sup> Þar þóttist hún vera padda og skreið í hringi á milli lítilla plast paddna. Það er áhugavert hvernig eitt hefur áhrif á annað og hvernig ólíkir atburðir geta bergmálað í sálinni mans – þar á meðal listaverk.

---

<sup>30</sup> De Duve, *The Defenitively Unfinished Marchel Duchamp*.

<sup>31</sup> Sjá viðauka 12.

<sup>32</sup> Silja Björk Huldudóttir, „Óvenjuleg hringferð.“ *Morgunblaðið*, 30. nóvember 2003, sótt 13. janúar 2021 á <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/766841/>



## Niðurlag

Eftir að hafa stundað nám í myndlist við Listaháskólann hef ég í gegnum listina áttað mig á ýmsu í lífinu sjálfu. Listin endurspeglar lífið og maður skapar list einfaldlega til þess að skapa list. Eins og persónan ljóðsins í byrjun ritgerðar, er lítið annað hægt að gera en að vera eins og klukkan sem heldur ótrauð áfram sínum vanagang – en fylgir þó alltaf breytingum árstíðanna. Hægt og rólega umbreytist maður sjálfur; koll af kolli, klikk og klokk. Það sem breytist er viðhorfið til lífs og listar. Annað hvort ertu fastur í flugnagildru eða ráfandi í skógi. Það er hvorki vandamál né lausn, heldur bara listaverk sem á sér stað – eitthvað sem gerist.

Það lítur út fyrir að meginsteff verkanna minna, hvernig þau voru gerð og af hverju þau voru gerð, er líkt því þegar þú ert staddur í djúpum dal. Þú segir eitthvað og það ferðast um dalinn. Til dæmis ef þú öskra orðið list, þá heyrir það óralengi, en hægt og rólega leysist hljóðið upp og fer út í óendaleikann. Líklega er ég að fylgja einhvers konar bergmálsbylgjum myndlistarinnar, bæði lærðar og upplifaðar. Þetta eru stefnur sem gerðust á seinustu öld og ég var ekki til þá, en það er eins og það bergmáli inn í mér, líklegast er það út af því að það er lærð hegðun, sem ég fékk frá menntun minni. Síðan eru það önnur verk sem ég læri ekki heldur upplifi og þau bergmála líka innan í mér. Það er ómögulegt fyrir mig að vita hvað ég er að gera, eða meina með þessum verkum. En það er gott að vera í skóla og átta sig á þessu, prufa nýjar tilraunir og reyna að skilja eitthvað.

Þó ég viti eiginlega ekki hvað er í gangi þá veit ég allavega eitt – þetta er gaman að einhverju leyti. Ég get samt ekki sagt að það sé gaman að gera verk, en það er gaman að gera verk eftir á. Maður sér allavega einhverskonar munstur. Mynstrið kallar til lífsins og öllum eiginleikum þess. Að reyna að átta sig á einhverju formi sem er hvorki sjáanlegt né skiljanlegt. Tökum t.d. *Agi*, það er bara talað um virði einhvers sem kannski eftir smá verður ekki virði neins, mun virðið einn daginn bara hverfa og verða að engu. Þetta er eins og tré sem þýtur í vindinum og öldur sem glimra í sjávarsíðunni. Niðurstaðan er sú að kannski þarf maður ekki að skilja. Að leita að einhverju til að skilja er ónauðsynlegt en nauðsynlegt. Það myndast þversögn innan frá.

Ef vísindaskáldsagan um eggid<sup>33</sup> er borin saman við bergmálseinkenni listarinnar, væri hægt að halda því fram að við séum í raun öll að ausa vatnið úr sama brunni – enda er allt líf á jörðinni, samkvæmt sögunni, byggt á sömu meðvitund – hvort sem maður er;

---

<sup>33</sup> Andy Weir, „The Egg.“ *Galactanet*, 15. ágúst 2009, sótt 12. janúar 2021 af [http://www.galactanet.com/oneoff/theegg\\_mod.html](http://www.galactanet.com/oneoff/theegg_mod.html)

Duchamp, Possensk; nemandi eða kennari; vinur eða fjölskyldumeðlimur; eða ég. Öll erum við eini og sami Guð. Þótt allir fæðast með sín persónueinkenni og við mismunandi aðstæður, er hægt að halda því fram að sömu persónueinkenni bergmáli í eilífðinni. Í eðli mínu laðast ég t.d. að myndlist og fer þess vegna í Listaháskólann. En er það eitthvað sem ég hef stjórn á eða var það alltaf brautin sem mér var ætlað?

Í mínum huga veitir listsköpun mér sömu ánægju og að borða safaríka plómu, enda er það svipað ferli. Það að borða plómuna er ferli sem verður að upplifun eftir að ég hef borðað hana; líkt og ferli verður að listaverki og manneskja verður að heildstæðri hugmynd um manneskju eftir að hún deyr. Þá er hægt að horfa til baka og hugsa: „Já, þetta var góð plóma.“

## Heimildaskrá

### Prentaðar heimildir

Buskirk, Martha og Mignon Nixon ritstýrðu. *The Duchamp Effect*, 2. útg. Massachusetts: MIT Press, 1999.

Cabanne, Pierre. *Dialogues with Marcel Duchamp*. Ron Padgett þýddi. London: Thames and Hudson Ltd., 1971.

De Duve, Thierry ritstýrði, *The Defenitively Unfinished Marcel Duchamp*, 2. útg. Halifax: The MIT Press, 1992.

Herbert, Martin. *Tell them I said no*. Berlin: Sternberg Press, 2016.

### Vef heimildir

Beaven, Kristie. „Performance Art: The Happening.“ *Tate*. Sótt 12. janúar 2021 af <https://www.tate.org.uk/art/art-terms/h/happening/happening>

Bishop, Claire. *Artifical Hells: Participatory Art and the Politics of Spectatorship*. London og New York: Verso, 2012. Sótt 12 janúar 2021 af <https://selforganizedseminar.files.wordpress.com/2011/08/bishop-claire-artificial-hells-participatory-art-and-politics-spectatorship.pdf?fbclid=IwAR0JeoLrJ7hVTXNW9jDl3JBvOgpRzfV1WpNaAx5Ejt-oYOH0IH9RzOwL0ic>

Kosuth, Joseph. „Art After Philosophy.“ *Ubu*. Sótt 12. janúar 2021 af

[https://www.ubu.com/papers/kosuth\\_philosophy.html](https://www.ubu.com/papers/kosuth_philosophy.html)

Smit, Adam. *The Wealth of Nations*. State College: Pennsylvania State University, 2005. Sótt 12. janúar 2021 af <https://www.rrojasdatabank.info/Wealth-Nations.pdf>

Steingerður Steindórsdóttir. „Lífið.“ *Ljóð.is*. Sótt 12. janúar 2021 af

[http://www.ljod.is/index.php/ljod/view\\_poem/31045](http://www.ljod.is/index.php/ljod/view_poem/31045)

Silja Björk Huldudóttir. „Óvenjuleg hringferð.“ *Morgunblaðið*, 30. nóvember 2003. Sótt 13. janúar 2021 á <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/766841/>

Weir, Andy. „The Egg.“ *Galactanet*, 15. ágúst 2009. Sótt 12. janúar 2021 af

[http://www.galactanet.com/oneoff/theegg\\_mod.html](http://www.galactanet.com/oneoff/theegg_mod.html)

Þórður Ingi Jónsson, „Að lifa í skálduðum veruleika.“ *Ríva*, 20. Desember 2020. Sótt 7. janúar 2021 af <https://www.ruv.is/frett/2020/12/20/ad-lifa-i-skaldudum-veruleika?term=lesa%20h%C3%BA&rtype=news&slot=1>


## Kvikmynd

Penn, Sean. *Into the Wild*, DVD. Bandaríkin: Paramount Vantage, 2007.


## Viðauki




1. Charlotte Posenenske, Square Tube Series (1967)



2. Róbert Risto Hlynsson Cedergren, Videoleiga (2017)



3. Róbert Risto Hlynsson Cedergren, *Agi – þetta eru verðlaun fyrir að gera eitthvað sem þér langar kannski ekki að gera (e. Diciplin – a reaward for doing something you may not want to do)* (2017)



4. Magnús Pálsson, *Angist fátæka reykingamannsins* (1976)



5. Róbert Risto Hlynsson Cedergren, *Eitt gult í einum grænum í einum rauðum* (2020)




6. Joseph Kosuth, *One and Three Chairs* (1965)



7. Marchel Duchamp, *Fountain* (1917, endurgert 1964)





8. Marchel Duchamp, *Underwood* (1916, endurgert sirka 1963- 1964)




9. Marchel Duchamp, *Bottle dryer* (1914, endurgert 1964)



10. Marcel Duchamp, *Objet-dard* (1950- 1961)



11. Róbert Risto Hlynsson Cedergren, *Lífið* (2020)



12. Róbert Risto Hlynsson Cedergren, *Lífið* (plakkat) (2020)



13. Anna Richardsdóttir, *Pöddur* (2002)